

Dags. fundar: 30. september 2013	Tími: 17.15	Nr. fundar: 35
Fundarboðari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	Fundarritari: Björn Valdimarsson	Staður: Pálsstofa, Laugardalslaug.

Efni fundar:

1. Breyting á tengilið úr stjórn SSÍ.
2. Námskeið.
3. Dómaraskírteini og dómarafatnaður.
4. Nýjar FINAreglur.
5. Önnur mál.
 - a. Smáþjóðaleikar 2015
 - b. Dómaralistar.
 - c. Ný eyðublöð.

Viðstaddir: Björn Valdimarsson, Gunnlaugur Þráinsson, Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir, Jón Hjaltason, Ólafur Baldursson, Ragnhildur Guðjónsdóttir, Sigurður Óli Guðmundsson og Viktoría Gísladóttir.

Dagskrá:

1. Sú breyting er að verða að Ólafur Baldursson sem verið hefur fulltrúi stjórnar SSÍ mun hætta í stjórn SSÍ. Óvíst er hver verður nýr fulltrúi stjórnar SSÍ innan DMT-nefndar. Ólafur óskar eftir að fá að vera áfram í DMT-nefnd og er það samþykkt.
2. Ólafur og Björn hafa nýlokið við dómara námskeið sem sótt var af 8 einstaklingum. Öll luku þau verklega hlutanum á Ármannsmóttinu helgina 27.-29. september sl., og eru komin á lista SSÍ sem sunddómaranemar. Næsta dómara námskeið verður haldið 9. október og eru þegar komnar skráningar á það námskeið.
3. Verið er að ganga frá pöntun á dómarskírteinum en DMT-nefnd hefur ekki enn fengið afgerandi svör hvernig staðan er á fatnaði fyrir dómara. Verður leitað eftir þeim svörum.
4. Nýjar FINA reglur tóku gildi 25. og 26. september. Einhver misbrestur virðist hafa orðið á að þjálfarar kynntu sér reglurnar en voru félögum sendar reglurnar 28. september með beiðni um að þjálfarar fengju þær í hendurnar. Þýða þarf reglurnar á íslensku sem virðist nokkuð kostnaðarsamt en DMT-nefnd mun leita leiða til að draga úr þeim kostnaði. Borist hefur ósk frá þjálfara um að dómurum sé sérstaklega kynntur snúningur af baksundi yfir í bringusund í fjórsundi. Nokkur mót eru framundan og verður fundinn tími á einhverju þeirra mót til að halda endurmenntunarnámskeið í formi fyrirlesturs þar sem sérstaklega verður fjallað um nýjar sundreglur.

5. **a.** Ólafur upplýsti að farin er af stað undirbúningsvinna fyrir Smáþjóðaleikana sem haldnir verða hér á landi 30. maí – 5. júní 2015. Starfsmannaskráning í allar stöður þarf að liggja fyrir 6 mánuðum fyrr þ.e. í desember 2014. Mótið verður með allt öðrum brag en mót sem hingað til hafa verið haldin í Laugardalslaug bæði hvað varðar starfsmannahald, starfsmannaðstöðu, inngöngu starfsmanna, VIP rými fyrir erlenda gesti, útsendingar og upptökur fyrir sjónvarp o.fl. IM50 sem haldið verður í apríl 2014 og RIG sem haldið verður í febrúar 2015 vera notuð sem „æfingamót“ fyrir Smáþjóðaleikana.
- b.** Búið er að gefa út nýja dómaraalista og senda þá til félaga og á skrifstofu SSÍ. Ennþá eru þeir ekki aðgengilegir á vefsíðu SSÍ.
- c.** Sigurður Óli og Jón eru en að vinna í sameiningu gátlista, verklagi og gerð/lagfæringu á eyðublöðum.

Verkefni ákveðin á fundinum:

Verkefni

Ábyrgur

Ljúkist fyrir:

<i>Erindi til SSÍ vegna dómarafatnaðar</i>	<i>IELS</i>	<i>Sem fyrst</i>
<i>Sameining eyðublaða, gátlisti o.fl.</i>	<i>SÓG og JHj</i>	<i>Sem fyrst</i>
<i>Mót fyrir endurmenntunarnámskeið</i>	<i>ÓB og BV</i>	<i>Sem fyrst.</i>
<i>Breyttur snúningur / myndband</i>	<i>GP</i>	<i>Sem fyrst</i>

Fundi slitið kl: 18.45.

Næsti fundur: Verður boðað til hans